



Fundur bygginganefndar Fljótsdalshrepps, haldinn þann 6. apríl 2009 í Végarði.

Mættir á fundinn eru eftirtaldir:

Þórarinn Rögnvaldsson	formaður bygginganefndar
Eiríkur J. Kerúlf	nefndarmaður
Guðveig Eyglóardóttir	nefndarmaður
Úlfar Trausti Þórðarson	byggingafulltrúi

**Varðar:**

**Vegaskilti útvarpsrásarinnar fyrir Veðuróm hjóðlistaverks á vegum Landsvirkjunar.**

Byggingafulltrúa bárust gögn þar sem sótt er um heimild til að setja upp upplýsingaskilti. Verkfræðistofan Mannvit sendir umsóknina fyrir hönd Landsvirkjunar.

Um er að ræða tvenns konar skilti. Annars vegar svokallað þjónustumerki að staðlaðri gerð sem staðsett er í vegöxl og hins vegar upplýsingaskilti staðsett á plani.

Staðsetning skiltanna er eftirfarandi:

Í vegöxl skilti nr. 1 staðsett við N65°4'45,4''/ W 14°51'33,7''

Í vegöxl skilti nr. 2 staðsett við N65°4'12,5''/ W 14°49'17,1''

Á plani: skilit nr. 3 staðsett við hlið skilta sem þar eru, eða um N65°3'24,6''/ W 14°55'8,7''

Skilti nr. 1 og 2 eru 500 x 600 mm BxH, ferst á 2'' rör eins og sambærileg vegskilti.

Skilti nr. 3 er 1500 x 1000 mm BxH, stendur á 2x 2'' rörum.

Bygginganefnd samþykkir staðsetningar framangreindra skilta fyrir sitt leyti.

**Varðar:**

**Fyrirspurn um útgáfu starfsleyfis vegna sölugistingar í Laugafelli**

Byggingafulltrúa bárust gögn varðandi umsókn um starfsleyfi vegna gistisölu í Laugafelli.

Umsækjandi er Jón Þór Þorvarðarson, Glúmstöðum 1 í Fljótsdal.

Byggingarnefnd mælir með því að starfsleyfi verði veitt.

Fleira ekki tekið fyrir á fundinum

Fundargerðin verður send til eftirtalra aðila:  
Funarmanna og sveitastjórnar Fljótsdalshrepps.